



virðing, samvinna,
árangur

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Vorönn 2010

Náms-og kennsluáætlun
AHL 123

www.fss.is

Teikning, vinnuteikning,
hornrétt fallmyndun, skurðir,
staðlar

Undanfari:

SJL 203

Kennari:

Björn Sturlaugsson – bsturl@fss.is – 868-9457

Námsefni:

Teikning fyrir hönnunargreinar **AHL 123**

Áhöld og efni:

Teikniblýantar/fallblýantar 0,3 (0,35) og 0,5 býharka 2H T-stika, hringfari, línuveiðari, teiknskiftarhorn, 45° horn, límband, strokleður, rúðustrikuð blöð (reiknisblöð) og vasareiknivél.

Kennslufyrirkomulag:

Umræður og verkefnavinna

Námsmat:

Lokaeinkunn er meðaltal af lokaprófseinkunn og vetrareinkunn (vinnueinkunn og mæting).

Lokapróf:

Einkunn á lokaprófi gildir 50% af lokaeinkunn.

Vetrareinkunn:

Vetrareinkunn samanstendur af verkefnum úr möppu og skyndiprófum/könnunum og gildir 50% af lokaeinkunn.

1. mappa (verkefni og frágangur): (50% af vetrareinkunn)

Skil á verkefnum:

Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem tilgreind eru á kennsluáætlun.

Þeir nemendur sem ná að lágmarki 8,0 úr skyndiprófum og verkefnum eiga möguleika á því að sleppa við lokakönnun (mat kennara).

2. skyndipróf/kannanir: (50% af vetrareinkunn)

Teiknskif 10%

Flatarteikning 10%

Fallmyndun I: könnun 40%

Fallmyndun II og útflatningsmyndir.: könnun 40%

Einkunn undir 5 er ófullnægjandi.

Tíma- og verkefnaáætlun:

Sjá sérblað.

Samkvæmt aðalnámskrá er skyldumæting í alla tíma.

Kennari áskilur sér rétt til þess að vísa nemanda úr kennslustund komi nemandi án námsgagna í tíma.

Rétt er að benda á að samkvæmt núgildandi mætingarreglum missir nemandi rétt til að sitja áfram í áfanganum ef hann fer yfir 7 fjarvistir.

Nemendur hafa tvo daga til þess að gera athugasemdir við fjarvistir sínar!

Kennari áskilur sér rétt til frávika frá kennsluáætlun

Áfangalýsing:

- Í áfanganum læra nemendur að beita hringfara við ýmsar aðgerðir.
- Nemendur læra grunnatriði rúmteikningar, hvernig finna á sannar stærðir og hvernig gera á útflatninga á ýmsum formum.
- Nemendur læra hornrétt fallmyndun, þ.e. að sýna hlut frá minnst þremur sjónarhornum: grunnmynd (ofan frá), framhlið (framan frá) og hlið.
- Einnig að teikna sniðmyndir, skurði og hlutamyndir.
- Nemendur læra réttar málsetningar og kynnast þeim stöðlum sem gilda um vinnuteikningar og teikningalestur.
- Nemandinn fær þjálfun á tölvu við gerð teikninga.

Áfangamarkmið:

Nemandi:

- geti skipulagt teikningasett á blaði
- kunni að gera og útfylla nafnreit
- þekki staðla um málvik og málsetningar
- þekki staðla um algengustu teiknitákn
- þekki SI-einingakerfið um lengdareiningar
- þekki gildandi staðla um pappírsstærðir og málsetningar
- þekki hugtök og skilgreiningar sem notaðar eru í teikningu, teikningalestri og mælitækni
- þekki grunnatriði flatarteikningar
- þekki grunnatriði rúmteikningar
- geti fundið sannar stærðir
- kunni þær reglur sem gilda um hornrétt fallmyndun
- geti teiknað útflatningsmyndir af algengum formum
- kunni að teikna skurðar- og sniðmyndir
- geti gert hlutamyndir
- geti teiknað myndir í mismunandi mælikvörðum
- geti notað tölvu við gerð vinnuteikninga
- kunni skil á helsta hugbúnaði til teikninga
- geti tekið á virkan hátt þátt í umræðu um verkefni sín og annarra nemenda

Efnisatriði/kjarnahugtök

Rúmteikning, hornrétt fallmyndun, sannar stærðir, hæð, breidd, dýpt, sléttir fletir, bognir fletir, skurðarfletir, kantur, hornpunktur, hornalína, fallpunktur, fallmynd, myndflötur, grunnmynd, framhlið, hlið, sniðmynd, hjálparmynd, hlutamynd, útflatningar, strendingar, strýtur, sívalningar, keilur, kúkur, snið, skurðir, málsetning, mælikvarðar, nafnreitir, teikningastærðir, staðlar, tölvur, hugbúnaður, hringur, radíus, miðpunktur, miðjupunktur, endapunktur, topppunktur, gráður, gráðubogi, bogi, bogastrengur, ferningur, rétthyrningur, samsíðungur, tígull, trapisa, strýta, sporbaugur, horn, rétt horn, hvasst horn, gleitt horn, jafnhliða, jafnarma, hvasshyrndur, gleiðhyrndur, rétthyrndur, þríhyrningur, hornatákn: alfa, beta, gamma, delta, teiknistaðlar.